

Ályktun 47. þings BSRB um málefni innflytjenda

Síðastliðinn áratug hefur innflytjendum á Íslandi fjölgað mikið og um 18% íbúa eru nú með erlendan bakgrunn. Atvinnuþátttaka meðal innflytjenda með mjög há í alþjóðlegum samanburði og hærrí en þeirra sem fædd eru hér á landi. Langflest af þeim sem hingað flytja gera það til að vinna og um helmingur þeirra sest hér að. Innflytjendur eru því í lykilhlutverki þegar kemur að verðmætasköpun og þar með að stuðla að auknum lífsgæðum hér á landi.

Nýlegar rannsóknir frá OECD og Vörðu sýna fram á að staða innflytjenda á Íslandi er ekki góð. Mörg þeirra eru í lágláunastörfum, jafnvel þó þau séu mikið menntuð, heilsa þeirra er verri vegna efnahagslegrar og félagslegrar stöðu og þau búa frekar við fátækt. Tækifæri til að læra íslensku eru fá og oft illa aðgengileg fólki á vinnumarkaði en um helmingur þeirra sem ekki hafa lært íslensku segja ástæðuna vera tímaskort. Skortur á tækifærum til tungumálanáms hindrar aðgengi innflytjenda að samfélaginu og störfum við hæfi.

Stjórnvöld á Íslandi setja aðeins lítið brot af þeim fjármunum sem nágrannalöndin gera í tungumálakennslu innflytjenda. Börn innflytjenda eru einnig oft í slæmri stöðu og árangur þeirra í skólakerfinu, bæði í íslensku og öðrum greinum, er verri en innfæddra og þau stunda síður nám í framhalds- og háskólum. Innflytjendur verða frekar fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði og alvarleg brot líkt og misneyting og mansal viðgangast hér á landi.

Þessi alvarlega staða er af samfélagslegum toga en ekki innflytjendum sjálfum að kenna og því er það á ábyrgð stjórnvalda og vinnumarkaðarins að breyta þessu.

47. þing BSRB gerir þá kröfu að stjórnvöld og atvinnurekendur grípi strax til aðgerða, hugi að stöðu innflytjenda og skapi inngildandi samfélag. Meta þarf framlag þeirra til samfélagsins að verðleikum og útrýma misrétti á vinnumarkaði þegar kemur að tækifærum og möguleikum til fjölbreyttra starfa og starfsþróunar. Auðvelda verður innflytjendum að fá menntun og reynslu frá heimalandinu viðurkennda og auka aðgengi og framboð af náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati og námsleiðum sem styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Uppræta þarf öll brot gegn innflytjendum á vinnumarkaði og tryggja að eftirlitsaðilar og lögregla hafi nægt fjármagn og mannafla til þess.

Fjárfesta þarf myndarlega í gæða íslenskukennslu fyrir börn og fullorðna og tryggja að fólki á vinnumarkaði verði boðin gjaldfrjáls íslenskukennsla á vinnutíma. Að sama skapi þarf að auka áherslu á íslenskukennslu innan leik- og grunnskóla og fjármagna það sérstaklega. Þá þarf að gera alla upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur aðgengilegri sem og aðgengi að velferðarkerfinu og almannaðjónustunni. Inngilding krefst þess einnig að einstaklingar fæddir hér og samfélagið taki ábyrgð og vinna þarf markvisst að fræðslu og viðhorfsbreytingu á vinnustöðum, félagasamtökum, íþróttafélögum og skólakerfinu. Loks þarf að huga sérstaklega að stöðu barna og tryggja að leik- og grunnskólakerfið sinni þörfum þeirra og sé aðgengilegt, en rannsóknir sýna að það skiptir einnig höfuðmáli fyrir mæður af erlendum uppruna.